

- 139 2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður
17. júlí hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. júlí 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

140
19. júlí

AUGLÝSING

um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 11 20. jan. 1950.

Aftan við síðari málsgr. 255. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er lögreglustjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar, að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

Breyting þess, sem gerð er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. júlí 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

141
21. júlí

AUGLÝSING

um notkun heimildar um hækkun iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs árið 1951.

Ríkisstjórnin hefur, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, ákveðið að neyta heimildar bráðabirgðaákvæðis laga nr. 51/1951 til þess að hækka iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs á árinu 1951 um jafnan hundraðshluta, og skal hækkunin nema sem næst 11% — ellefu af hundraði — þannig:

Hið fasta framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum ársins 1951 hækkar um kr. 2.073 milljónir og heildarframlög sveitarfélaganna um kr. 1.287 millj. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skulu innheimt samkvæmt iðgjaldaskrár ársins 1951 með 11% álagi. Á sama hátt skulu iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. fyrir árið 1951 innheimt með álagi sem hér segir: